

## ☒ Re: Óskað er umsagna hagaðila. Landgræðsluáætlun 2021-2031 og umhverfismat áætlunarinnar

Búið til	14.6.2021 17:04:03
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	14.6.2021 17:04:03
Tilheyrir	 202105-0011 - Landgræðsluáætlun 2021-2031 og umhverfismat áætlunarinnar

### Efni

Re: Óskað er umsagna hagaðila. Landgræðsluáætlun 2021-2031 og umhverfismat áætlunarinnar

### Upplýsingar

Sent	14.6.2021 17:04:03	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	askell.thorisson@landgraedslan.is
Cc	Thorkell.L.Thorarinsson@ni.is

### Innihald

Góðan daginn,

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að landgræðsluáætlun var hlaðið inn á samráðsgáttina á vefsíðu Landgræðslunnar. Til öryggis ef eitthvað fór úrskeiðis (það þurfti tvær atrennur og staðfestingarskilaboðin voru óvenjuleg) þá er hún einnig send hér í tölvupósti.

Bestu kveðjur,  
Snorri Sigurðsson.

-----

Garðabær, 14, júní 2021.

Tilvísun í mál nr. 202105-0011 (SS, LA, JG, OKV, BK, SH).

Vísað er í tölvupóst frá Landgræðslunni, fyrir hönd verkefnastjórn landgræðsluáætlunar, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur lesið yfir drögin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

## Almennt um stefnu og inntak draga að landgræðsluáætlun

Í landgræðsluáætlun er lögð fram stefna og framtíðarsýn um landgræðslu með markmið laga um landgræðslu nr. 155/2018 að leiðarljósi. Höfuðáherslur eru heildstæð vistkerfavernd, endurheimt raskaðra vistkerfa og sjálfbær landnýting. Sértek markmið eru skilgreind um verndun vistkerfa, verndun kolefnisríks jarðvegs og minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda frá landi samhliða því sem efla á líffræðilega fjölbreytni og auka þanþol og viðnámsþrótt vistkerfa. Taka skal tillit til ólíkra eiginleika lands, sér í lagi vistgetu þess.

Náttúrufræðistofnun lýsir yfir almennri ánægju með framangreindar höfuðáherslur og að verndun og endurheimt vistkerfa sé stillt fram sem lykilviðfangsefni og markmiði samhliða kolefnisbindingu. Tekið er undir það sem kemur fram í kafla um árangursmat að hætta sé á að ofuráhersla á loftslagsmál geti verið á kostnað náttúruverndar og endurheimtar.

Einnig er mikilvægt og jákvætt að stefnt sé að því að taka tillit til sérstöðu ólíkra vistkerfa og vistgerða. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf einnig að taka tillit til sérstöðu tiltekinnar svæða í þessu samhengi og mikilvægt að það sé viðurkennt að landgræðsla eigi ekki alls staðar við. Til að mynda eru mörg svæði einkum á hálendi en einnig á láglandi þar sem tiltekna jarðminjar og landslag hafa hátt verndargildi en eru jafnframt með litla gróðurþekju og einkennast af hægri náttúrulegri framvindu gróðurs. Þar má nefna jökulmenjar, sanda, áreyrar, hraun og gíga o.s.frv. Eins og fram kemur í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þarf að „...tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum ...“

Sama á við um líffræðilega fjölbreytni, markmið um að efla líffræðilega fjölbreytni þarf að skilgreina á ólíkan hátt eftir aðstæðum og alltaf í takt við eðlilega náttúrulega ferla eins og þeir hafa þróast á Íslandi í árþúsundir eða lengur. Fábreytni getur verið upprunalegt og eðlilegt ástand vistkerfa í ýmsum tilfellum. Markmið um auðgun lífríkis eiga því einkum við um svæði þar sem rask má rekja til athafna manna fyrr og nú, t.d. þar sem jarðvegseyðing, röskun gróðurfars eða losun gróðurhúsalofttegunda á uppruna sinn að rekja til ósjálfbærrar landnýtingar. Náttúrulegir ferlar geta vitaskuld aukið slíka röskun og taka þarf tillit til þess í öllu mati. Ætíð skal horfa til markmiða í lögum um náttúruvernd þegar lagt er mat á hvort og hvernig landgræðsla á við og gæta þess að einstakar aðgerðir vinni ekki gegn þeim markmiðum.

Áætlanir um mat á vistgetu lands umfram mat á vistfræðilegri virkni þess og ástandi er mikilvægt innlegg í að greina á milli svæða þar sem þörf er á endurheimt og þeirra sem hafa lága vistfræðilega virkni frá náttúrunnar hendi og þar sem ekki er ástæða til að grípa inn í með aðgerðum. Mikilvægt er að tekið sé tillit til fjölbættra upplýsinga um vistfræðileg og jarðfræðileg sérkenni svæða við ákvarðanatöku og framkvæmd einstakra landgræðsluverkefna sem og mat á almennu verndargildi og verndarstöðu þeirra og að hugað sé að samhengi við áform og áætlanir í náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun bendir í þessu samhengi á ýmis gögn sem stofnunin hefur útbúið og gefið út varðandi verndargildi og verndarstöðu íslenskrar náttúru t.d. um flokkun og mat á verndargildi vistgerða á Íslandi ([https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) ([https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf))) og kortlagning útbreiðslu vistgerða (NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS (ni.is) (<https://vistgerdakort.ni.is/>)), skilgreining og kortlagning mikilvægra fuglasvæða á Íslandi (Fjolrit\_55.pdf (ni.is) ([https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf))), tillögur að neti verndarsvæða fyrir B-hluta náttúruvinnjaskrár (Náttúruvinnjaskrá | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>), válistar fyrir æðplöntur, fugla og spendýr (Válistar og friðun | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/dyr/valistar-og-fridun>)), kortlagning náttúruvinnjaskrá sem falla undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd um sérstaka verndun (Sérstök vernd | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)), viðmið um vernd jarðminja (Vernd jarðminja | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/jord/vernd-jardminja>) og fleira.

Fram kemur á nokkrum stöðum í drögum (t.d. bls. 2 en einnig víðar) að landgræðsluáætlun tengist ýmsum stefnum og áætlunum stjórnvalda. Minnst er á náttúruverndaráætlun en Náttúrufræðistofnun bendir á að skv. núgildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 hefur framkvæmdaáætlun náttúruvinnjaskrár tekið við hlutverki náttúruverndaráætlana. Fyrsta framkvæmdaáætlunin hefur ekki enn tekið gildi en mikilvægt er að greint sé frá henni í landgræðsluáætlun þar sem hún verður lykiláætlun í

náttúruvernd á gildistíma fyrstu landgræðsluáætlunar. Náttúrufræðistofnun hefur lagt fram tillögur að svæðum fyrir framkvæmdaáætlun er varða m.a. verndun vistgerða og mikilvægra fuglasvæða. Mikilvægt er að horft sé til þessara tillagna við útfærslur á einstökum aðgerðum landgræðsluáætlunar.

Varðandi alþjóðlegar skuldbindingar vill Náttúrufræðistofnun minna á Bernarsamninginn um verndun villtra dýra, plantna og búsvæða í Evrópu sem Ísland er aðili að, til viðbótar við þá alþjóðasamninga sem nefndir eru í drögunum. Ýmis áform í landgræðslu þarf að rýna með tilliti til áhrifa á einstakar tegundir dýra og plantna sem og vistgerða, og þar þarf að huga sérstaklega að þeim sem falla undir Bernarsamninginn.

### Umfjöllun um einstök markmið landgræðsluáætlunar

Í umfjöllun um markmið 1.1 eru tilgreind verkefni/aðgerðir í töflu á bls. 14, m.a. að kortleggja ástand vistkerfa í þurrlandi og votlandi landsins og flokka framræst votlandi eftir jarðvegsgerð og mikilvægi endurheimtra búsvæða. Varðandi hvoru tveggja vill Náttúrufræðistofnun benda á að taka þarf með í matið upplýsingar um lífríki svæðanna. Forgangsröðun og verndaráherslur á tilteknum svæðum þar sem stefnt er að endurheimt ber að skoða með tilliti til mikilvægis svæðanna fyrir ákveðnar tegundir eða vistgerðir og verndarstöðu þeirra.

Í umfjöllun um markmið 1.2 er varðar verndun og aukningu kolefnisforða er mikilvægt að stefnt sé að því að taka alltaf tillit til markmiða um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Hafa þarf í huga breytileika svæða hvað þetta varðar. Nefna má sem dæmi að algjör beitarfriðun og aukin sjálfræðslu birki- og víðiplantna getur verið óæskileg á svæðum sem eru sérstaklega mikilvæg búsvæði fyrir ábyrgðarfuglategundir sem kjósa sér opið land. Hófsöm beit sem ekki veldur landrofi en getur hægt á framvindu t.d. víði- og birkikjarrs, getur gegnt hlutverki fyrir stofn- og búsvæðavernd slíkra fuglategunda.

Tekið er undir mikilvægi þess að efla endurheimt votlendis sem auk þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er grundvallaraðgerð við að styrkja verndun vistgerða með hátt verndargildi og búsvæði ýmissa fuglategunda sem og annars lífríkis.

Lagt er til að Landgræðslan byggi upp vöktunarkerfi með mælipunktum innan skilgreindra lykilvistgerða um allt land til að mæla og skrá bindingu kolefnis í jarðvegi. Náttúrufræðistofnun stundar vöktun ýmissa vistgerða og telur mikilvægt að hugað sé að samræmingu vistgerðavöktunar hjá stofnununum.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að fara varlega með aðgerðir er varða varnir gegn landbroti. Víða er um eðlilega þróun náttúrulegra ferla t.d. þar sem ár renna í bugðum og flóð hafa mótað búsvæði fugla og fleiri lífvera. Skilgreina þarf þörf fyrir slík verkefni í ljósi aðstæðna hverju sinni.

Markmið 1.4 fjallar um að takmarka rask vistkerfa af völdum ágengra framandi tegunda. Mjög jákvætt er að mati Náttúrufræðistofnunar að ekki sé stefnt að notkun framandi tegunda við aðgerðir til að endurheimta vistkerfi ef hætta er á að þær séu ágengar. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti ekki að nota framandi tegundir við endurheimt vistkerfa yfir höfuð. Í umfjöllun um markmið 1.4 er bent á það rask sem framandi ágengar tegundir hafa þegar valdið héraðis og mikilvægi þess að gripið sé til aðgerða til að bæta úr því og koma í veg fyrir frekara rask. Tekið er undir að nauðsynlegt sé að fullgera lista yfir ágengar framandi plöntutegundir sem bannað sé að flytja inn og dreifa, sem og að meta mögulega ágengni framandi tegunda sem notaðar eru í ræktun. Náttúrufræðistofnun er sammála því að mikilvæg vísbending um mögulega ágengni framandi tegunda sé saga þeirra í öðrum löndum sem þær hafa verið fluttar til og ræktaðar eða þeim dreift.

Lagt er til í umfjöllun um æskilega framtíðarstöðu hvað markmið 1.4 varðar að skilgreina vistkerfi og svæði þar sem lögð er áhersla á að hindra landnám og útbreiðslu framandi ágengra tegunda. Náttúrufræðistofnun leggur til að einnig séu skilgreindar vistgerðir og tegundir lífvera sem stendur meiri ógn en öðrum af framandi ágengum tegundum og tekið tillit til verndargildis og -stöðu þeirra við ákvarðanatöku um aðgerðir.

Náttúrufræðistofnun hefur stundað rannsóknir og vaktað framandi ágengar tegundir, einkum alaskalúpínu en einnig fleiri tegundir þ.m.t. mögulega ágengar tegundir sem og lagt mat á áhrif af útbreiðslu þeirra á vistgerðir og tegundir. Í töflu á bls. 22 er skilgreint verkefni um að kortleggja svæði og vistkerfi þar sem

ágengum framandi tegundum verður haldið frá, og er Náttúrufræðistofnun falin ábyrgð á því. Mikilvægt er að þetta verkefni sé skilgreint frekar í samræði við Náttúrufræðistofnun og fjármagn tryggt til að fylgja því eftir.

Meginmarkmið 2 fjallar um að nýting lands skuli vera sjálfbær, miðast af ástandi þess og vistgetu og stuðla að viðgangi og virkni vistkerfa. Meðal annars er fjallað um áhrif útivistar og ferðamennsku á land og mikilvægi þess að vakta ástand vistkerfa á þessum svæðum. Náttúrufræðistofnun ber lögum samkvæmt að vakta friðlýst svæði. Nýlega hefur verið sett af stað vöktunarverkefni þar sem áhrif ferðaþjónustu á friðlýst svæði, verndarsvæði og náttúru landsins eru metin og vöktuð, þ.m.t. áhrif á jarðveg, gróðurfar og fugla. Mikilvægt er að samræma þessa vöktun sem Náttúrufræðistofnun stýrir en ýmsir aðrir aðilar taka þátt í við þau áform sem tilgreind eru í landgræðsluáætluninni. Bæta ætti við umfjöllun um þetta vöktunarverkefni í drög landgræðsluáætlunar t.d. í töflu á bls. 25.

Undirmerkið um að hnignun vistkerfa tengd landnýtingu skuli stöðva og að vernd og endurheimt vistkerfa eigi að festa betur í sessi í regluverki og hvatakerfi landbúnaðar og matvælaframleiðslu eru metnaðarfull og framsýn markmið. Náttúrufræðistofnun tekur undir þessa sýn og hvetur stjórnvöld til þess að skoða vandlega þær áherslur og aðgerðir sem lagðar eru til í markmiðum 2.2 og 2.3. Ljóst er að margir þurfa að taka þátt í því verkefni.

Meginmarkmið 3 fjallar um bættu þekkingu á vistkerfum landsins og mikilvægi þeirra og á sjálfbærri landnýtingu. Náttúrufræðistofnun bendir á að hún hefur lögum samkvæmt mikilvægt hlutverk og hefur mikið lagt til varðandi fræðslu til almennings um náttúru landsins, vistgerðir, tegundir, jarðminjar o.fl. sem og mikilvægi þess að vernda náttúruna og ganga um hana með nærgætni.

Náttúrufræðistofnun telur að aðferðafræði við gerð umhverfismats landgræðsluáætlunar sé nokkuð óhefðbundin. Með því að skilgreina viðmið út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og markmið tengd Áratugi endurheimtar í stað þess að leggja mat á áhrif einstakra markmiða og tillagna að aðgerðum á lykilumhverfispætti eins og hefðbundið er í umhverfismati áætlana, verður áhrifamatið nokkuð ómarkvisst og endasleppt að mati Náttúrufræðistofnunar. Mælt er með að bæta við nákvæmara áhrifamati þar sem er umfjöllun um hvernig markmið og aðgerðir hafa áhrif á einstaka umhverfispætti.

### **Samantekt, lokaorð**

Markmið og tilgreindar aðgerðir í drögum að landgræðsluáætlun bera með sér skýra sýn og mikinn metnað. Ljóst er að tryggja þarf góðan stuðning og samvinnu við stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, fjármagn og mannauð til framtíðar til að ásettum markmiðum verði náð og öllum nauðsynlegum aðgerðum fylgt úr hlaði.

Fram kemur í drögnum (á bls. 8) að það sé álit verkefnastjórnar landgræðsluáætlunar að margt megi betur fara á stjórnáætlun og ákvarðanatöku þegar kemur að landnýtingu og að það t.d. skorti betra samstarf stofnana landbúnaðar- og umhverfismála og heildstæða stefnumótun sem tekur tillit til allra forsenda og þá sér í lagi vistkerfaverndar sem lykilsýndu. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þetta álit að mörgu leyti og telur að almennt megi alltaf gera betur við að tryggja að almenn markmið og áætlunir í náttúruvernd, bæði er varða vistkerfi, vistgerðir og tegundir en einnig jarðminjar, landslag og víðerni séu höfð til grundvallar þegar kemur að stefnumótun og ákvarðanatöku er varðar sjálfbæra landnýtingu og í raun alla landnotkun. Með landgræðsluáætlun er kjörið tækifæri til þessa.

Í ljósi þessa vill Náttúrufræðistofnun Íslands að lokum nefna að það er afar óheppilegt að ekki sé meiri samhljómur í sýn, stefnu og skilgreindum aðgerðum landgræðsluáætlunar og landsáætlun í skógrækt miðað við þau drög sem hafa verið lögð fram fyrir báðar áætlunir. Skýrt er um það kveðið í lögum um landgræðslu og lögum um skógrækt að þessar tvær áætlunir eigi að talast við og vera samræmdar. Grundvallarmunur er á skilningi og afstöðu til tiltekinna lykilmálefna. Þar vega þyngst áhersla á verndun og endurheimt vistkerfa sem fær meiri vigt í landgræðsluáætlun en landsáætlun um skógrækt ef undanskilin er verndun náttúrulegra birkiskóga, og svo umfjöllun um framandi ágengar tegundir. Landgræðsluáætlunin útilokar með öllu að notaðar séu framandi ágengar tegundir við landgræðslu. Það gerir landsáætlun í skógrækt einnig en þar er líka fullyrt að þær innfluttu tegundir sem notaðar séu í skógrækt séu ekki ágengar og ekki talin nein hættu á að nota þær hér á landi. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að sterkar vísbendingar eru um að töluverð hættu sé á að þær geti orðið ágengar. Hér er ljóst að töluvert ósamræmi er í áherslum sem

þarf að ávarpa þegar áætlanirnar tvær eru samþættar eins og kveðið er á um í lögum. Náttúrufræðistofnun er að öllu leyti fylgjandi áherslum landgræðsluáætlunar þegar kemur að málefnum framandi tegunda eins og áður hefur komið fram.

Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum eins og við á.

Virðingarfyllst,

Þorkell Lindberg Þórarinsson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands

Snorri Sigurðsson, sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðahóltsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Áskell Þórisson - LAND" <[askell.thorisson@landgraedslan.is](mailto:askell.thorisson@landgraedslan.is)>

**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>

**CC:**

**Subject:** Óskað er umsagna hagaðila. Landgræðsluáætlun 2021-2031 og umhverfismat áætlunarinnar

**Date:** 6.5.2021 10:40:49

6.5.2021

Ágæti viðtakandi,

Með þessum pósti óskar Landgræðslan, fyrir hönd verkefnisstjórnar landgræðsluáætlunar, eftir umsögnum um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar. Drög áætlunarinnar og umhverfismatsins liggja fyrir á vefsíðu Landgræðslunnar (sjá: <https://landgraedsluaetlun.land.is/> (<https://landgraedsluaetlun.land.is/>)). Frestur til að skila inn umsögnum er til 14. júní næstkomandi.

Meginmarkmið landgræðsluáætlunar lúta að vernd og endurheimt vistkerfa, vernd kolefnisríks jarðvegs, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri samhliða því að efla líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin setur fram sýn um hvað leggja skal til grundvallar fyrir landgræðslustarfið. Jafnframt er fjallað um hvernig má auka þanþol og viðnámsþrótt vistkerfa og nýta land á sjálfbæran hátt, í takt við vistgetu þess.

Með bestu kveðju,  
Áskell Þórisson,  
Landgræðslunni

## Viðhengi

image001.png (5 KB)